Rekstrargjöld samtals .....	87,8%	85,8%	86,6%	96,8%	88,3%	81,8%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði .....	12,2%	14,2%	13,4%	3,2%	11,7%	18,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 5,3%)	1,2%	0,6%	( 9,2%)	( 4,7%)	( 7,0%)
Annað .....	2,1%	0,9%	3,0%	2,5%	1,4%	( 4,8%)
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	8,9%	16,2%	17,0%	( 3,5%)	8,3%	6,5%
Framlegð (EBITDA) .....	22,3%	22,9%	23,8%	14,5%	22,4%	28,9%
Veltufé frá rekstri .....	21,2%	19,3%	22,0%	21,6%	19,7%	22,7%
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum .....	( 21,8%)	( 21,6%)	( 15,6%)	( 16,3%)	( 12,9%)	( 9,4%)
<b>Í þúsundum kr. á íbúa:</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur .....	659	670	616	562	528	497
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	52	57	54	51	44	44
Aðrar tekjur .....	582	644	593	562	520	529
Rekstrartekjur samtals .....	1.294	1.371	1.263	1.175	1.092	1.070
Laun og launatengd gjöld .....	( 571 )	( 596 )	( 515 )	( 489 )	( 444 )	( 405 )
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	( 56 )	( 56 )	( 42 )	( 120 )	( 28 )	( 2 )
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir .....	( 510 )	( 525 )	( 537 )	( 529 )	( 493 )	( 469 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 69 )	16	7	( 108 )	( 52 )	( 74 )
Annað .....	27	12	38	30	15	( 51 )
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	115	222	214	( 41 )	91	69
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	274	265	278	254	215	243
Handbært fé frá rekstri .....	202	178	249	227	244	246
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum .....	( 283 )	( 296 )	( 197 )	( 191 )	( 141 )	( 101 )
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	4.339	4.621	4.349	4.292	4.141	3.950
Eigið fé .....	2.067	2.263	1.990	1.829	1.783	1.585
Skuldir .....	2.272	2.358	2.359	2.463	2.357	2.364
<b>Álagningarhlutföll:</b>						
Útsvar .....	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,48%
Fasteignaskattur, A-flokkur .....	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%
Fasteignaskattur, B-flokkur .....	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur, C-flokkur .....	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%
<b>Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):</b>						
Íbúafjöldi 1. desember .....	126.109	126.109	123.133	122.452	121.814	121.116
Breyting frá fyrra ári .....		2.976	681	698	1.484	847
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári .....		2,4%	0,6%	0,6%	1,2%	0,7%

# Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

## Yfirlýsing um stjórnarhætti

Borgarstjórn leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykktir fyrir stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715 frá 8. júlí 2013. Reykjavíkurborg er með skráð skuldabréf í kauphöll og lýtur því reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem Kauphöll Íslands gefur út.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð fimmtán borgarfulltrúum og jafnmörgum til vara, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Borgarstjórn kys forseta borgarstjórnar og tvo varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn. Borgarstjórn kys úr hópi borgarfulltrúa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Borgarstjórn kys formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna. Upplýsingar um kjörna fulltrúa í borgarstjórn eru á heimasíðu Reykjavíkurborgar, reykjavik.is.

Fjöldi fulltrúa í borgarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Þar má einnig sjá hverjir sitja í einstökum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitastjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem borgarstjórn velur í. Sveitarfélagið gættir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er borgarstjórnina varðar, ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í borgarstjórn eru nú 7 karlar og 8 konur. Þar sitja nú fulltrúar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Borgarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi, í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að það fylgi lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga og starfar á grundvelli samþykktar fyrir stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um. Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, þremur skipuðum af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og einum skipuðum samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndina skipa: Ólafur B. Kristinsson, löggiltur endurskoðandi, formaður, Inga Björg Hjaltadóttir, héraðsdómslögmaður, Ingvar Garðarsson, löggiltur endurskoðandi, og Sunna Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur. Á heimasíðu sveitarfélagsins má sjá samþykkt sem borgarstjórn hefur sett fyrir endurskoðunarnefnd.

Innri endurskoðun fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs. Í því felst að með störfum sínum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna hjá stofnunum og félögum í meirihluta eigu Reykjavíkurborgar. Starfsreglur innri endurskoðunar, sem borgarráð hefur samþykkt, eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar er Hallur Símonarson.

Um áhættustýringu er vísað ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Reglulegur hluti af starfsemi sveitarfélagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri sveitarfélagsins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur borgarinnar. Til að tryggja að reikningsskil sveitarfélagsins séu í samræmi við sveitarstjórnarlög og settar reikningsskilareglur, hefur sveitarfélagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, reglulega skýrslugjöf, skýrar verklagsreglur og verkferla. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar, ásamt rýni fyrir einstök fagsvið, er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og fylgni við samþykktar fjárhagsáætlun. Fjármálaskrifstofa vinnur mánaðarleg uppgjör og leggur fyrir borgarráð.

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett siðareglur, dags. 10. janúar 2017, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.



# Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

## Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem er stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

### Starfsmannamál

Markmið starfsmannastefnu er að Reykjavíkurborg hafi alltaf á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum, sem geta tryggt nauðsynlegt frumkvæði í störfum og veitt góða þjónustu og brugðist við síbreytilegum þörfum Reykjavíkurborgar. Starfsmannastefnan á að tryggja starfsmönnum ákveðin starfskilyrði og möguleika á að vaxa og dafna í starfi. Leitast skal við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma starf og fjölskyldulíf.

### Umhverfis- og auðlindastefna

Lífsgæði núlifandi og næstu kynslóða borgarbúa verða tryggð með því að meta auðinn sem felst í þjónustu náttúrunnar og hreinu umhverfi. Þjónusta náttúrunnar verður styrkt og neikvæð umhverfisáhrif lágmarkuð. Stefnunni verður framfylgt í eftirfarandi níu málaflokkum: Auðlindir, samgöngur, skipulag, gæði umhverfis, loftslagsmál, menntun til sjálfbærni, náttúra og útivist, neysla og úrgangur og rekstur Reykjavíkurborgar.

### Mannréttindastefna

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

### Innkaupareglur

Innkaupareglur eiga að stuðla að vönduðum, hagkvæmum og vistvænum innkaupum Reykjavíkurborgar og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem borgin kaupir. Einnig stuðla að því að Reykjavíkurborg hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnarsýsla Reykjavíkurborgar á sviði innkaupa sé í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti og stuðla að því að almennar kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanlega framkvæmd, gegnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup á vegum Reykjavíkurborgar. Jafnframt að stuðla að virkri samkeppni fyrirtækja á markaði og efla nýsköpun og þróun við innkaup Reykjavíkurborgar á vörum, verkum og þjónustu.

### Fjárstýringarreglur

Sett hefur verið stefna og reglur um fjárhagslega áhættustýringu, sem birtast í hlutverki áhættustýringahóps og stefnu og reglum um fjárstýringu. Fjárstýringarreglur eiga að tryggja að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægjanlegu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs, þar með talið ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar. Fjárstýring skal auk þess lágmarka fjármagnskostnað og hámarka ávöxtun lausafjár í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni með virkri lána- og lausafjárstýringu.

# Trúnaðarmál



## Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2017

Lagt fram í borgarráði  
26. apríl 2018

## Borgarráð

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2017 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf. Enginn rekstur er hjá Aflvaka hf. Dótturfélaginu Jörundi ehf, sem hætt var allri starfsemi, var slitið á árinu. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

**Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 28.027 mkr** en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 14.559 mkr sem var 13.468 mkr eða 93% yfir áætlun. Afkoma samstæðunnar var 1.655 mkr betri árið 2017 heldur en hún var árið 2016.

**Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 4.971 mkr** en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 1.789 mkr. Niðurstaðan var því 3.183 mkr betri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 4.527 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 2.443 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 2.084 mkr eða 85% betri en áætlun gerði ráð fyrir.

**Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 6.706 mkr** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 6.800 mkr og var niðurstaðan því um 95 mkr betri en áætlað var.

**Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 11.674 mkr** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 8.589 mkr og niðurstaðan því 3.088 mkr betri en áætlað var.

**Helstu breytingar:** Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og tekur þessi lagabreyting einnig til Brúar lífeyrissjóðs. Áhrif lagabreytingarinnar eru m.a. að Reykjavíkurborg þarf að greiða inn til Brúar lífeyrissjóðs allar áfallnar lífeyrisskuldbindingar í A-deild sjóðsins vegna sjóðfélaga m.v. 31. maí 2017 og áætluð framlög í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð vegna sömu sjóðfélaga. Í lok desember sl. var gert upp við lífeyrissjóðinn og alls greiddar 14.649 mkr vegna þessa. Í ársreikningi 2017 eru 3.772 mkr gjaldfærðar og 10.877 mkr færðar til eignar meðal langtímakrafna og veltufjármuna sem fyrirframgreiddur kostnaður sjá nánar kafla 2.1.1 og skýringar 25 og 46.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2017 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum en áhersla er aukin á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.

*Birgir Björn Sigurjónsson,*  
fjármálastjóri

# Efnisyfirlit


---

1.	Samstæða (Samantekinn reikningur) .....	5
1.1.	Rekstur samstæðu .....	5
1.2.	Efnahagur samstæðu .....	8
1.3.	Sjóðstreymi samstæðu .....	10
1.4.	Fjármálareglur sveitarfélaga .....	11
2.	A-hluti .....	15
2.1.	Rekstur A-hluta .....	15
2.2.	Efnahagur A-hluta .....	20
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta .....	22
2.4.	Fjármagnsliður A-hluta .....	27
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring .....	31
2.4.2.	Aðgerðir fjármálaskrifstofu til að bæta fjárstýringu A-hluta .....	31
2.5.	Skattspor A-hluta .....	32
	Viðauki 1: Kennitölur .....	33
	Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og samstæðu .....	37
	Viðauki 3: Sundurliðun tekna A-hluta .....	38
	Viðauki 4: Fjármálastjórn 2017 .....	39

---


# 1. Samstæða (Samantekinn reikningur)

## 1.1. Rekstur samstæðu



**Rekstrarniðurstaða samstæðu** var 28 mkr sem var 13,5 mkr betri en áætlað var. Rekstrarniðurstaðan án gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar og án gjaldfærslu vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð nam 40,6 mkr en gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð nam 5,6 mkr vegna breytinga á lögum um LSR<sup>1</sup> sem ekki var áætlað fyrir.


**Grunnrekstur samstæðunnar**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 39,6 mkr í afgang sem var um 3,2 mkr umfram áætlun.



Rekstrartekjur námu 173 mkr og hafa aukist um 33% frá árinu 2013. Til samanburðar námu rekstrarútgjöld 148 mkr og hafa aukist um 40% frá árinu 2013.


<sup>1</sup> Sjá nánari umfjöllun í kafla 2.1.1 Lífeyrisskuldbindingar.

## Rekstrarniðurstaða samstæðu árið 2017 og frávik frá áætlun með viðaukum (mkr)




Þeir þættir sem einkum skýra frávik frá áætlun eru: fjármagnsliður var 10,8 mkr undir áætlun og gjaldfærsla áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð var 5,6 mkr sem ekki var áætlað fyrir.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samstæðu árið 2017 (mkr)




Fjármagnsliðurinn lætur ekki mikið yfir sér í þessu uppgjöri en töluverðar sveiflur áttu sér stað innan hans. Álverð styrktist um 40% á tímabilinu sem leiddi til 12,5 mkr hækkunar á innbyggri álafleiðu í raforkusölusamningum. Krónan veiktist hins vegar um 0,73% á árinu og gengistap vegna hennar nam 2,6 mkr. Tap af áhættuvarnarsamningum nam 1,3 mkr og vaxtagjöld og verðbætur námu 8,8 mkr. Í áætlun var gert ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 7,6 mkr en þeir voru jákvæðir um 2,1 mkr.

### Matsbreyting fjárfestingaegna





Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir.

### Álafleiða OR og gengismunur OR





Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslið samstæðunnar eins og myndin hér að ofan sýnir.

## 1.2. Efnahagur samstæðu









Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankakinnstæðum ásamt handbæru fé. Hreinar vaxtaberandi skuldir eru að aukast á árinu 2017 einkum vegna 14,6 makr uppgjors við Brú lífeyrissjóð sem var skylt að greiða upp skv. lögum nr. 1/1997 m.s.br, sjá kafla 2.1.1 Lífeyrisskuldbindingar en langtímakröfur vegna uppgjorsins við Brú að fjárhæð 10,7 makr koma ekki til lækkunar vaxtaberandi skulda þar sem þessar kröfur bera ekki vexti enda er um að ræða fyrirframgreiðslur sem koma síðar til gjaldfærslu. Ennfremur er um að ræða kröfur vegna sölu á byggingarrétti að fjárhæð 2,5 makr sem ekki bera vexti.


### 1.3. Sjóðstreymi samstæðu



Handbært fé í ársbyrjun nam 26,6 mkr. Veltufé frá rekstri nam á árinu um 33,4 mkr, fjárfestingar að frádregnum gatnagerðargjöldum námu 29 mkr. Þessar hreyfingar skýra að mestu um 8,7 mkr lækkun handbærs fjár á árinu. Handbært fé var aukið sérstaklega með 4,9 mkr lántöku A-hluta til að fjármagna 14,6 mkr uppgjör við Brú lífeyrissjóð, sjá kafla 3.1.1 um Lífeyrisskuldbindingar.




Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf samstæðunnar kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.



Greiðslugeta samstæðunnar til að standa undir afborgunum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri. Myndin sýnir að samstæðan hefur á þessu ári aukið fjárhagslegan styrk sinn til að standa undir þessum skuldbindingum.


#### 1.4. Fjármálareglur sveitarfélaga



#### Jafnvægisregla og jafnvægisviðmið

Skv 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki skuli ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu við eftirgreindar aðstæður: *Ef heildarútgjöld allra veitu- og/eða orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta eru umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B-hluta í reikningsskilum sveitarfélags eða ef heildarskuldir og skuldbindingar eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum skal undanskilja reikningsskil viðkomandi veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum skv. 13. og 14. gr. reglugerðar þessarar.*

Þar sem þetta á við um Orkuveitu Reykjavíkur í samstæðu Reykjavíkurborgar ber að undanskilja hana í jafnvægisviðmiði borgarinnar.



### Skuldaregla og skuldaviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu skuldir og skuldbindingar samstæðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150% og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki skuli ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu við eftirgreindar aðstæður: *Ef heildarútgjöld allra veitu- og/eða orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta eru umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B-hluta í reikningsskilum sveitarfélags eða ef heildarskuldir og skuldbindingar eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum skal undanskilja reikningsskil viðkomandi veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum skv. 13. og 14. gr. reglugerðar þessarar.*

Þar sem þetta á við um Orkuveitu Reykjavíkur í samstæðu Reykjavíkurborgar ber að undanskilja hana í skuldaviðmiði borgarinnar.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar síðastliðin 5 ár<sup>2</sup>.

Samstæða	2013	2014	2015	2016	2017
Eiginfjárlutfall	40,1%	43,1%	42,6%	45,8%	49,0%
Arðsemi eigin fjár	5,7%	5,8%	-2,3%	11,8%	11,4%
Veltufjárlutfall	0,92	0,93	0,94	1,13	1,10
Langtímaskuldir/eigið fé	120,6%	104,2%	98,1%	84,5%	71,3%
Uppgreiðslutími	9	9	8	7	7
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum*	92%	92%	97%	85%	83%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	23%	20%	22%	22%	19%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	29%	22%	14%	24%	23%

\* Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum miðast við samstæðuna án Orkuveitu Reykjavíkur

### Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:








- Spenna í hagkerfinu og óvenju hagstæðar ytri aðstæður hafa aukið verulega hagsveiflutengdar tekjur (s.s. útsvar og fasteignagjöld) og dregið úr útgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar og húsnæðisstuðnings. Þá hefur hækkandi fasteignaverð leitt til umtalsverðra matsbreytinga fjárfestingaegna Félagsbústaða. Einnig hefur álverð verið hækkandi á tímabilinu sem hefur talsvert jákvæð áhrif á uppgjör Orkuveitunnar.
- Nettó tekjur vegna fjármagnsliðar voru um 2,1 mkr en í áætlun var gert ráð fyrir 7,6 mkr nettó gjöldum. Þennan viðsnúning má aðallega rekja til álafleiða.
- Hafa ber í huga að ytri aðstæður voru óvenju hagstæðar á síðasta ári en ýmis merki eru um að breytingar geti verið framundan.

<sup>2</sup> Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

### Ábendingar Fjármálaskrifstofu:


- Uppgjör samstæðu á áföllnum og framtíðarskuldbindingum við A-deild Brúar lífeyrissjóðs í lok árs 2017 að fjárhæð 17,4 mkr höfðu víðtæk áhrif á rekstur, efnahag og sjóðstreymi A-hluta og samstæðu og flestar kennitölur bera þess merki. Þannig versnaði rekstrarniðurstaða A-hluta um 5,6 mkr aðallega vegna einsskiptis uppgjors á áföllnum skuldbindingum og veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum varð 19,3% en hefði orðið 22,5% ef ekki hefði komið til uppgjorsins. Önnur sveitarfélög höfðu ekki gengið frá uppgjöri hliðstæðra skuldbindinga við Brú fyrir árslok 2017.
- Mikilvægt er að veltufé frá rekstri verði áfram sterkt við ríkjandi efnahagsaðstæður og að það styrkist enn frekar ef spennan í hagkerfinu heldur áfram að aukast til að stuðla að stöðugleika í rekstri borgarinnar yfir hagsveifluna og skapa svigrúm til að mæta áhrifum niðursveiflu síðar meir.
- Mikilvægt er að tryggja tekjugrunn Félagsbústaða sem er forsenda þess að félagið geti staðið við greiðsluskuldbindingar sínar og fjármagnað sig á markaði. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki úr tæplega 2.500 íbúðaeiningum í 3.200 árið 2022 eða sem nemur um 30%. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna eykur þrýsting á enn frekari hækkun tekna umfram verðlag til að tryggja sjálfbærni félagsins. Þar sem tekjur félagsins eru verðtryggðar hefur verðbólga umfram áætlun jákvæð áhrif á sjóðstreymi Félagsbústaða. Stækkun eignasafnsins m.v. fjárfestingaráætlun kallar á 5% hækkun leiguverðs til viðbótar á árinu 2018, til að tryggja jafnvægi í sjóðstreymi árin 2018 og 2019 m.v. að verðbólguforsendur fjárhagsáætlunar standist. Þess ber að geta að hlutfall leiguverðs Félagsbústaða er að jafnaði um 60%-70% af leiguverði á markaði.
- Samkvæmt bráðabirgðamati Sambands íslenskra sveitarfélaga námu tapaðar brúttó útsvarstekjur A-hluta vegna ráðstöfunar iðgjalds séreignarsparnaðar til lækkunar húsnæðislána u.þ.b. 638 mkr vegna tekjuársins 2015. Ef tekið er mið af því má ætla að útsvarstekjutap borgarinnar vegna skattfrjálstrar greiðslu séreignarsparnaðar inn á fasteignalán nemi þannig alls u.þ.b. 3,1 mkr vegna tímabilsins 1. júlí 2014 til 30. júní 2019. Þá er áætlað að borgarsjóður verði af 250-300 mkr á ári vegna stuðnings við kaup á fyrstu íbúð. Mikilvægt er að tryggja að Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum verði bætt það útsvarstekjutap sem hlýst af aðgerðum ríkisins í húsnæðismálum.

## Aðrir áhugaverðir mælikvarðar samstæðu



## 2. A-hluti

### 2.1. Rekstur A-hluta



**Rekstrarniðurstaða A-hluta** var jákvæð um 5 mkr sem var 3,2 mkr betri niðurstaða en áætlað var. Rekstrarniðurstaðan án gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar og án gjaldfærslu vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð nam 15,7 mkr en gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð reyndist um 3,8 mkr sem ekki var áætlað fyrir vegna skorts á gögnum frá Brú lífeyrissjóð um áhrif breytinga á lögum um LSR<sup>3</sup>. Hins vegar reyndist 7 mkr gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar við LsRb nánast á pari.


Rekstur A-hluta (í mkr)	Raun 2017	Áætlun	Frávik	%	Raun 2016	Breyting	%
Staðgreiðsla	75.594	74.472	1.122	1,5%	68.706	6.889	10,0%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-9.163	-9.027	-136	1,5%	-8.328	-835	10,0%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	2.275	1.865	410	22,0%	1.865	410	22,0%
Fasteignaskattar	16.315	16.408	-93	-0,6%	14.140	2.175	15,4%
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>85.021</b>	<b>83.718</b>	<b>1.303</b>	<b>1,6%</b>	<b>76.382</b>	<b>8.639</b>	<b>11,3%</b>
Framlög Jöfnunarsjóðs	7.218	6.610	608	9,2%	6.704	515	7,7%
Þjónustutekjur	9.735	9.420	315	3,3%	8.940	795	8,9%
Eignatekjur	18.636	18.770	-135	-0,7%	17.821	815	4,6%
Sala byggingaréttar	6.925	2.860	4.065	142,2%	1.241	5.684	458,0%
Söluhagnaður eigna	1.142	1.343	-201	-15,0%	585	557	95,1%
Endurgreiðslur annarra	3.725	2.758	967	35,0%	4.875	-1.150	-23,6%
Aðrar tekjur	6.867	5.941	926	15,6%	6.790	77	1,1%
Milliviðskipti tekin út	-23.459	-23.759	300	-1,3%	-22.772	-687	3,0%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>115.811</b>	<b>107.662</b>	<b>8.149</b>	<b>7,6%</b>	<b>100.567</b>	<b>15.932</b>	<b>15,8%</b>
Laun og launatengd gjöld án gjaldfærslu v. uppgjors við Brú Isj.	-57.313	-58.278	966	-1,7%	-51.608	-5.705	11,1%
Gjaldfærsla áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna uppgjors við Brú Isj.	-3.772	0	-3.772			-3.772	
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>-61.085</b>	<b>-58.278</b>	<b>-2.806</b>	<b>4,8%</b>	<b>-51.608</b>	<b>-9.476</b>	<b>18,4%</b>
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-7.002	-6.984	-19	0,3%	-5.038	-1.964	39,0%
Annar rekstrarkostnaður	-38.534	-35.369	-3.165	8,9%	-36.566	-1.968	5,4%
Afskriftir	-4.664	-4.589	-75	1,6%	-4.494	-170	3,8%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-111.285</b>	<b>-105.219</b>	<b>-6.066</b>	<b>5,8%</b>	<b>-97.706</b>	<b>-13.579</b>	<b>13,9%</b>
Fjármagnsliðir	445	-654	1.099	-168,0%	-224	668	-298,9%
<b>EBITDA</b>	<b>9.190</b>	<b>7.032</b>	<b>-2.315</b>	<b>-32,9%</b>	<b>7.354</b>	<b>-2.061</b>	<b>-28,0%</b>
<b>EBIT</b>	<b>4.527</b>	<b>2.443</b>	<b>-5.840</b>	<b>-239,1%</b>	<b>2.860</b>	<b>-14.436</b>	<b>-504,7%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>4.971</b>	<b>1.789</b>	<b>3.183</b>	<b>177,9%</b>	<b>2.637</b>	<b>3.021</b>	<b>114,6%</b>

<sup>3</sup> Sjá nánari umfjöllun í kafla 2.1.1 Lífeyrisskuldbindingar


**Grunnreksturinn**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 9,2 mkr í afgang sem var um 2,2 mkr yfir áætlun.

**Tekjur:** Skatttekjur voru 85 mkr eða 1,3 mkr yfir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 1,1 mkr yfir áætlun. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 608 mkr yfir áætlun sem rekja má til að framlög vegna málefna fatlaðs fólks voru 461 yfir áætlun og vegna hludeildar í bankaskatti kr 244 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Af öðrum tekjum vegur þyngst tekjur af **byggingarréttar** sem voru 6,9 mkr og voru 4 mkr yfir áætlun.

**Gjöld:** Laun og launatenggjöld án gjaldfærslu vegna uppgjors við Brú lífeyrisskjóð námu 57,3 mkr og voru um 1 mkr undir fjárheimildum. **Annar rekstrarkostnaður** nam 38,5 mkr og var um 3,2 mkr yfir fjárheimildum. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar** v. LsRb nam 7 mkr og var nánast á pari við fjárhagsáætlun. Gjaldfærsla áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð nam 3,8 mkr sem ekki var áætlað fyrir.




Rekstrarniðurstaða A-hluta um 3,2 mkr betri en áætlað var í endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Þar vegur þyngst sala byggingarréttar sem var 6,9 mkr eða 4 mkr yfir áætlun.






Upprunalega áætlunin er í megindráttum ekkert ósvipuð áætlun með viðaukum. Það eru einkum skatttekjurnar sem reyndust tölurvert hærri en reiknað var með og einnig hækkun lífeyrisskuldbindingar við LsRb.



Árið 2014 jukust gjöld á föstu verðlagi talsvert umfram tekjur á föstu verðlagi og langtíma íbúapróun. Tekjur á föstu verðlagi jukust umfram gjöld á föstu verðlagi árið 2017.

### Sveiflukenndir liðir

Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir einkum tekjur af sölubyggingarréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessa tekjur oft verulega en dragast saman á samdráttarskeiðum og geta verið neikvæðar, það á við þegar ekkert verður af framkvæmdum og samið hefur verið um að borgin taki aftur við áður úthlutuðum lóðum. Í myndinni hér að neðan eru þessar tekjur sýndar síðastliðin 10 ár. Eins og sjá má er árið 2017 einstakt hvað varðar tekjur af sölu byggingarréttar.




## Rekstur málaflokkanna

Rekstur málaflokka (í mkr)	Niðurstaða 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Framlög til B-hluta	2.896	2.881	-14	0,5%
ÍTR	7.327	7.424	97	-1,3%
MOF	4.561	4.611	51	-1,1%
RHS	3.166	3.296	130	-3,9%
SFS	46.274	46.358	85	-0,2%
USK	5.812	6.294	482	-7,7%
VEL án bundinna liða	19.192	18.789	-403	2,1%
ÖNN án lífeyrisskuldb.	2.924	2.622	-301	11,5%
Bundnir liðir	2.773	3.537	764	-21,6%

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindingar var 890 mkr innan fjárheimilda en sameiginlegur kostnaður og Velferðarsvið án bundinna liða var yfir fjárheimildum.

## Aðalsjóður og Eignasjóður

Síðustu ár hefur rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs verið neikvæð einkum vegna lífeyrisskuldbindinga á meðan rekstur Eignasjóðs hefur verið jákvæður og þar hafa eignatekjur skipt miklu máli.



## 2.1.1 Lífeyrisskuldbindingar

### Brú lífeyrissjóður

**Breytingar á samþykktum:** Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og tekur þessi lagabreyting einnig til Brúar lífeyrissjóðs. Breyttar samþykktir Brúar fela það í sér að frá og með 1. júní 2017 er m.a. réttindaávinnslu A-deildar Brúar breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu, almennur lífeyristökualdur hækkaður úr 65 ára í 67 ára og móttframlag launagreiðenda lækkað úr 12% í 11,5%. Réttindi þeirra sem byrjaðir voru á lífeyri þann 1. júní 2017 og þeirra sem verða 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum.

**Kvaðir um uppgjör á áföllnum og framtíðar skuldbindingum:** Áhrif lagabreytingarinnar eru m.a. þær að Reykjavíkurborg þarf að greiða inn til Brúar lífeyrissjóðs allar áfallnar lífeyrisskuldbindingar í A-deild sjóðsins vegna sjóðfélaga m.v. 31. maí 2017 og áætluð framlög í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð vegna sömu sjóðfélaga. Í lok desember sl. var gert upp við lífeyrissjóðinn og alls greiddar 14.649 mkr vegna þessa.

**Áhrif á ársreikning 2017:** Í ársreikningi 2017 eru 3.772 mkr gjaldfærðar og 10.877 mkr færðar til eignar meðal langtímakrafna og veltufjármuna sem fyrirframgreiddur kostnaður.

**Samanburður við önnur sveitarfélög:** Ef að Reykjavíkurborg hefði frestað uppgjöri við Brú fram yfir síðustu áramót eins og önnur sveitarfélög gerðu hefði staðan á handbæru fé hefði verið 14.649 mkr betri, sjá meðfylgjandi töflu.

Uppgjör RVK við Brú samanborið við uppgjörsaðferðir annarra sveitarfélaga 2017			
	RVK	Uppgjör akv aðferð annarra	Mismunur
Gjaldfært 2017 í mkr	3.772	3.772	0
Heildaruppgjör við Brú 2017 í mkr	14.649	0	14.649

### Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb)



**Forsendur Reykjavíkurborgar:** Við mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta Reykjavíkurborgar vegna LsRb eru notaðar forsendur um dánar- og lífslíkur í samræmi við tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga að breytingu dánar- og eftirlifendataflna frá 1. mars 2015. Tillagan felur í sér nýja aðferðafræði við mat á dánar- og lífslíkum á þann veg að gert er ráð fyrir að dánartíðni haldi áfram að lækka og meðalævi að lengjast næstu áratuginum í stað þess að miða dánar- og lífslíkur við reynslu undangenginna ára. Það er mat stjórnenda Reykjavíkurborgar að þessi nýja aðferðafræði gefi gleggri mynd af lífeyrisskuldbindingu A-hluta í árslok 2017 og að Reykjavíkurborg beri að taka tillit til hennar með vísan til ársreikningalaga, jafnvel þótt þessi aðferð hafi ekki tekið gildi samkvæmt reglum um tryggingafræðilega athugun lífeyrissjóða. Mat stjórnenda byggir einnig á því að Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar er lokaður sjóður.



**Áhrif á ársreikning 2017:** Áfallin lífeyrisskuldbinding A-hluta vegna LsRb nam 35.804 mkr í árslok 2017 en áfallin skuldbinding A- og B-hluta nam 36.437 mkr að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins. Meginhluti réttinda í lífeyrissjóðnum fylgir launabreytingum og eru þau núvirt miðað við 2% vaxtaforsendu en að öðru leyti er núvirt miðað við 3,5% vexti. Gjaldfærð hækkan lífeyrisskuldbindingar A-hluta nemur 7.002 mkr, sem er 0,3% yfir áætlun, og 7.044 mkr hjá samstæðu A- og B-hluta.

**Samanburður við önnur sveitarfélög:** Við tryggingafræðilega athugun á fjárhag LsRb er stuðst við gildandi dánar- og eftirlifendatöflur sem miðast við reynslu áranna 2010-2014. Ef að Reykjavíkurborg hefði metið lífeyrisskuldbindingu sína á sömu forsendum og lífeyrissjóðir og önnur sveitarfélög gera hefði lífeyrisskuldbinding Reykjavíkurborgar vegna LsRb lækkað um 6.410 mkr og gjaldfærsla í rekstri ársins 2017 hefði reynst 533 mkr lægri, sjá meðfylgjandi töflu.

Áhrif þess að nota forsendur RVK samanborið við forsendur annarra sveitarfélaga			
	Forsendur RVK	Forsendur annarra	Mismunur
Gjaldfært 2017 í mkr	7.002	6.469	533
Tekjufærsla vegna breyttra forsendna pr. 1.1.2017		-5.598	-5.598
Reiknuð skuldbinding 31.12.2017 í mkr	35.804	29.394	

## 2.2. Efnahagur A-hluta






Hér má sjá þróun hreinna vaxtaberandi<sup>4</sup> skulda A-hluta frá árinu 2008. Árin 2008 og 2009 voru peningalegar eignir A-hluta hærri en vaxtaberandi skuldir sem einkum má tengja við sölu á hlut borgarsjóðs í Landsvirkjun. Frá árinu 2009 voru tekin langtímalán fyrir öllum fjárfestingum en hlutdeild veltufjár frá rekstri í þeirri fjármögnun hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Á árinu 2015 jukust lífeyrisskuldbindingar við LsRb um 14,6 makr vegna nýrra tryggingafræðilegra forsendna.


Hreinar vaxtaberandi skuldir eru að aukast á árinu 2017 einkum vegna 14,6 makr uppgjors við Brú lífeyrissjóð sem var skylt að greiða upp skv. lögum nr. 1/1997 m.s.br, sjá kafla 2.1.1 Lífeyrisskuldbindingar en langtímakröfur vegna uppgjorsins við Brú að fjárhæð 10,5 makr koma ekki til lækkunar vaxtaberandi skulda þar sem þessar kröfur bera ekki vexti enda er um að ræða fyrirframgreiðslur sem koma síðar til gjaldfærslu. Ennfremur er um að ræða kröfur vegna sölu á byggingarrétti að fjárhæð 2,5 makr sem ekki bera vexti.

<sup>4</sup> Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.



### 2.3. Sjóðstreymi A-hluta




Handbært fé í ársbyrjun nam um 8,6 mkr. Veltufé frá rekstri var 9,2 mkr. Meðal breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum er 11,1 mkr fyrirframgreiðsla vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Fyrirframgreiðslan er færð í efnahagsreikningi meðal langtímakrafna og næsta árs afborgun hennar meðal veltufjármuna. Hluti lántökunar eða 4,9 mkr stafar af uppgjörinu við Brú. Fjárfestingum er að mestu mætt með gatnagerðargjöldum og sölu byggingarréttar.



Ljóst var árið 2015 að veltufé frá rekstri var orðið óviðunandi. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2016-2020 voru sett fram nokkur markmið til að ná aftur fyrri fjárhagslegum styrkleika, m.a. var markmiðið að koma hlutfalli veltufjár frá rekstri af tekjum í a.m.k. 9% á árinu 2018. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2017-2021 var sett fram ótölusett markmið um frekari styrkingu hlutfallsins ef þensluástandið héldi áfram eins og raunin hefur orðið. Vegna vaxandi spennu var markið sett á 10,2% hlutfall á árinu 2018. Ef ekki hefði komið til gjaldfærslu og greiðslu á áföllum lífeyrisskuldbindingu við Brú hefði veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum numið 11,2% árið 2017 sem telst vel ásættanlegt.



Fjármögnun A-hluta og greiðslugetu gagnvart fjárfestingum og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Árin 2013-2015 reyndist nauðsynlegt að brúa fjármögnunina með fjárfestingatekjum en árið 2016 stóð veltufé frá rekstri undir þeim. Myndin sýnir að A-hlutinn hefur á þessu ári aukið fjárhagslegan styrk sinn verulega til að standa undir þessum skuldbindingum og afborgunum lána.



Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta sl. 5 ár:<sup>5</sup>

A-hluti	2013	2014	2015	2016	2017
Eiginfjárhlutfall	58,3%	57,6%	47,8%	47,7%	46,4%
Arðsemi eigin fjár	3,8%	-3,3%	-15,6%	3,6%	6,5%
Veltufjárhlutfall	1,43	1,31	1,18	1,57	1,29
Langtímaskuldir/eigið fé	42,0%	43,1%	54,0%	53,2%	55,1%
Uppgreiðslutími	6	9	8	4	5
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum	64%	65%	71%	63%	58%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	9%	5%	6%	11%	8%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	9%	1%	-10%	7%	8%

Bílastæðasjóður flokkast með A-hluta 2014, samanburðartölur 2013 taka mið af því

### Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Góður árangur náðist í rekstri sviðanna á tímabilinu. Öll sviðin voru innan fjárheimilda ef frá er talið Velferðarsvið án bundinna liða.
- Spenna jókst á vinnumarkaði á tímabilinu sem skapaði hagstæðar aðstæður þegar horft er til hagsveiflutengdra tekna og útgjalda. Nettó útsvarstekjur voru 1.396 mkr umfram áætlun, framlög Jöfnunarsjóðs voru 608 mkr yfir áætlun sem rekja má til að framlög vegna málefna fatlaðs fólks voru 461 yfir áætlun og vegna hludeildar í bankaskatti kr 244 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 489 mkr undir áætlun og sérstakur húsnæðisstuðningur var 275 mkr lægri en áætlað var.
- Tekjur af sölu byggingaréttar voru 4 mkr yfir áætlun.
- Nettó tekjur vegna fjármagnsliðar voru 1.098 mkr yfir áætlun sem einkum mátti rekja til arðgreiðslu frá OR 703 mkr og betri ávöxtunar á handbæru fé en áætlun gerði ráð fyrir.









<sup>5</sup> Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árs hlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árs hlutareikningi sé breytt.



## Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Uppgjör borgarsjóðs á áföllnum og framtíðarskuldbindingum við A-deild Brúar lífeyrissjóðs í lok árs 2017 að fjárhæð 14,6 mkr höfðu víðtæk áhrif á rekstur, efnahag og sjóðstreymi A-hluta og samstæðu og flestar kennitölur bera þess merki. Þannig versnaði rekstrarniðurstaða A-hluta um 3,8 mkr aðallega vegna einsskiptis uppgjors á áföllnum skuldbindingum og veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum varð 8,0% en hefði orðið 11,2% ef ekki hefði komið til uppgjorsins. Önnur sveitarfélög höfðu ekki gengið frá uppgjöri hliðstæðra skuldbindinga við Brú fyrir árslok 2017.
- Mikilvægt er að veltufé frá rekstri verði áfram sterkt við ríkjandi efnahagsaðstæður og að það styrkist enn frekar ef spenna á vinnu- og fasteignamarkaði heldur áfram að aukast til að stuðla að stöðugleika í rekstri borgarinnar yfir hagsveifluna og skapa svigrúm til að mæta áhrifum niðursveiflu síðar meir. Eins er mikilvægt að ríflegur afgangur verði af rekstri A-hluta.
- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar A-hluta vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar var um 7 mkr eða nánast á pari við áætlun. Ef að borgarsjóður hefði tekið upp sömu tryggingafræðilegar forsendur og önnur sveitarfélög beita hefði gjaldfærslan lækkað um 533 mkr og lækkun skuldbindingarinnar hefði kallað á 5.598 mkr tekjufærslu í rekstri.
- Halli á rekstri málaflokks vegna fatlaðs fólks nam 2.106 mkr eða 29% af tekjum vegna málaflokksins. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþróttá- og tómsundasviðs við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins.
- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 403 mkr yfir fjárheimildum eða 2,1%. Stærstu frávikin eru vegna vistunarþjónustu barna með þroska- og geðraskanir sem var 97 mkr umfram fjárheimildir. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks var 120 mkr umfram fjárheimildir og vistgreiðslur Barnaverndar Reykjavíkur voru 182 mkr umfram fjárheimildir.
- Mikilvægt er að klára samninga við ríkið um þau atriði sem tengjast málefnum fatlaðs fólks en voru skilin eftir við endurskoðun á fjármögnun málaflokksins á síðasta ári, það er NPA, lengd viðvera og þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.
- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam 270 mkr árið 2017. Daggjöld ríkisins vegna hjúkrunarheimila miða við að ríkið hafi fjármagnað 85% fjárfestingaútgjalda en Reykjavíkurborg fjármagnaði sjálf Droplaugastaði og á því kröfu um leiðréttingu á daggjöldum. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum.
- Í janúar 2017 var greidd eingreiðsla vegna kjarasamninga við grunnskólakennara sem tilheyrði árinu 2016 og miðaðist við starfshlutfall og starfstíma í desember 2016. Kostnaður vegna þessa 306 mkr var gjaldfærður í janúar 2017 en áætlað hafði verið fyrir greiðslunum á árinu 2016.

## Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



## 2.4. Fjármagnsliður A-hluta




**Fjármagnsliður** A-hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs og Eignasjóðs.


**Fjármagnsliður A-hluta** var jákvæður um 444 mkr á árinu sem er 1.098 mkr umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir.

**Fjármunatekjur A-hluta** voru 3.782 mkr sem var 1.307 mkr umfram áætlun fyrir árið 2017. Betri niðurstaða skýrist einna helst af mun betri ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár en hún væri nærri þrefalt betri en áætlað var eða 961 mkr í stað 322 mkr líkt og áætlun hljóðaði upp á. Þá fékk borgin einnig arðgreiðslu frá Orkuveitu Reykjavíkur á árinu að fjárhæð 703 mkr sem ekki hafði verið gert ráð fyrir.


**Fjármunagjöld A-hluta** fóru aðeins fram úr áætlun en þau voru 3.339 mkr í stað 3.129 mkr í áætlun. Skýrist það af meiri fjármagnstekjuskatti sem A-hluti greiddi sem er bein afleiðing af betri ávöxtun handbærs fjár.



**Handbært fé** A-hluta í lok árs 2017 var 7.220 mkr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé yrði 7.246 mkr í lok árs og var staðan því í takti við áætlanir. Handbært fé byggðist kröftuglega upp yfir árið en lækkaði á seinasta ársfjórðungi aðallega vegna uppgjors á lífeyrisskuldbindingu við lífeyrissjóðinn BRÚ ásamt því að mikill gangur var í fjárfestingu á síðustu mánuðum árs.




**Ávöxtun á handbært fé** fór vel fram úr áætlun fyrir árið 2017 og var 904 mkr samanborið við 322 mkr sem áætlunin hljóðaði upp á, en það skýrist að mestu leyti með sterkri sjóðstöðu borgarsjóðs á árinu og góðri ávöxtun skuldabréfasafns. Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar skilaði 8,18% ávöxtun á árinu en safnið er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf. Reykjavíkurborg jók fjárfestingu í safninu um 2 milljarða á árinu. Í mars 2017 heimilaði borgarráð að ávaxta handbært fé í þremur lausafjársgjöldum IS Lausafjár safni Íslandssjóða, Lausafjársgjöldi Stefnis og Veltubréfum Landsbréfa. Sú heimild eykur sveigjanleika fjárstýringar við að ná betri ávöxtun á handbært fé þar sem hægt er að kaupa og selja í lausafjársgjöldum með eins dags fyrirvara en PM innlán eru ávallt bundin til ákveðins tíma.




**Lausafjársgjöldir** skiluðu Reykjavíkurborg að jafnaði um 4,63% ávöxtun á ársgrundvelli á mánuði en peningamarkaðs innlán skiluðu að meðaltali 4,53% ávöxtun en hún var lengi vel um eða rétt yfir stýrivöxtum Seðlabanka Íslands líkt og sjá má á mynd hér að ofan.

**Virk fjárstýring** leiddi meðal annars til betri ávöxtunar á handbært fé en áætlanir gerðu ráð fyrir. Fjárstýringardeild ávaxtar öllu lausu fé í takti við sjóðspörf A-hluta á hverjum tíma fyrir sig og velur ávöxtunarleið í takti við það og þau kjör sem bjóðast með því er reynt að hámarka ávöxtun handbærs fjár A-hluta.




**Skuldabréfaútgáfa** Reykjavíkurborgar nam 8.133 mkr á árinu 2017 en af því voru 4.914 mkr gefin út í tengslum við uppgjör lífeyrisskuldbindinga við lífeyrissjóðinn BRÚ.


**Langtímalán** A-hluta samanstanda að mestu að verðtryggða skuldabréfaflokkinum RVK 53 1 en hann er um 76% af langtímalánum A-hluta í lok árs 2017.



**Greiðslur** af langtímalánum A-hluta námu samtals 3.024 mkr á árinu 2017 en sjá má skiptingu milli afborganna og vaxta hér að ofan. Myndin sýnir jafnframt framtíðargreiðsluferil núverandi langtímalána á áætluðu verðlagi hvers árs útrá forsendum fjárhagsáætlunar 2018-2022.





**Virkir vextir** langtímalána A-hluta lækkuðu nokkuð á árinu 2017 hvort sem horft er til virku vaxta verðtryggðra lána eða óverðtryggðra lána. Virkir verðtryggðir vextir lækkuðu úr 3,84% í 3,69% á árinu 2017. Skýrist það af vel heppnuðu útboði í RVK 53 1 í júní 2017 en skuldabréfin seldust á lægstu kröfu sem sá skuldabréfaflokkur hefur selst á eða 2,74% auk þess sem stofnaður var nýr verðtryggður flokkur í desember 2017, RVK 32 1, og var krafan í því útboði ennþá lægri eða 2,58%. Þá lækkuðu virkir óverðtryggðir vextir einnig á árinu 2017 og voru 6,11% í lok árs. RVKN 35 1 er eini óverðtryggði skuldabréfaflokkur Reykjavíkurborgar og vegin meðalkrafa útboða í þeim skuldabréfaflokki 5,43% á árinu en hún fór lægst í útboði í júní eða 5,20%.



**Meðaltími** til lokagjalddaga á langtímalánum A-hluta hefur farið lækkandi síðastliðin ár og er það stefna fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar að hann muni fara lækkandi enn hraðar á næstu árum. Helsta ástæða þess er minnkandi vægi skulda í skuldabréfaflokknum RVK 53 1, sem er með lokagjalddaga 10.12.2053, með tilkomu nýrra og styttri flokka, RVKN 351 og RVK 32 1. Stofnun þessarra styttri skuldabréfaflokka er liður í áætlun fjármálaskrifstofu um að stytta í skuldum A-hluta og auka fjölbreytni í fjármögnun hans. Sjá má á myndinni hér að ofan áhrif þessara aðgerða þar sem reiknaður er út meðaltími til lokagjalddaga m.v. ef áætluð lántaka væri einungis tekin í RVK 53 1 eða tekin í öðrum hvorum styttri flokkanna.

**Lán til B-hluta fyrirtækja** samanstanda af tveimur eigendalánum sem Reykjavíkurborg veitti Orkuveitu Reykjavíkur, það fyrri árið 2011 og seinna árið 2013. Lánin eru bæði verðtryggð til 15 ára og bera 4,25% og 3,05% vexti. Greitt er af lánunum ársfjórðungslega. Bæði lánin voru afborgunarlaus fyrstu 5 árin og eru afborganir af seinna láninu að hefjast á árinu 2018. Eftirstöðvar lánanna voru samtals 11.754 mkr í lok árs 2017.



## 2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Kostnaðurinn hefur verið metinn á bilinu 280 til 300 mkr á tímabili fjárhagsáætlunar fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Lausafjárahætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg er ekki með neinar virkar lánalínur en hafði aðgang að yfirdráttarláni að fjárhæð 6 milljarðar í lok árs 2017. Yfirdráttarheimildir voru ekkert nýttar á árinu 2017.

## 2.4.2. Aðgerðir fjármálaskrifstofu til að bæta fjárstýringu A-hluta


Fjármálaskrifstofa hefur á síðustu árum unnið kerfisbundið að því að taka upp virka stýringu lána og lausafjár með tillögum um breytingar á fjárstýringarreglum, verklagi og heimildum fjármálastjóra innan þeirra marka sem sveitarstjórnarlög veita. Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í þessum efnunum:

1. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í nóvember 2017 til að auka yfirdráttarheimildir um allt að 4 milljarða og fékk þannig heimild til gera samninga um allt að 9 milljarða skammtímafjármögnun. Í desember á síðasta ári var gengið frá samningum um 3 milljarða aðgengi að skammtímafjármögnun til viðbótar við gildandi samninga um 3 milljarða. Tilgangurinn er að skapa aukinn sveigjanleika í fjárstýringu og tryggja aðgengi og áhættuvarnir ef stórar greiðslur berast ekki í samræmi við greiðsluáætlanir.
2. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í mars 2015 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVKN 35 1 sem er óverðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í mars 2035. Tilgangurinn með þessari aðgerð var að draga úr verðbólguáhættu og vægi verðtryggðra skulda hjá A-hluta (borgarsjóði), en einnig til að auka sveigjanleika í fjármögnun og stytta í meðallíftíma skulda þar sem mikill meirihluti skulda var með lokagjalddaga í desember 2053. Útgáfa í þessum flokki var 2.610 mkr að nafnvirði á árinu 2017.
3. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í nóvember 2017 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVK 32 1 sem er verðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í október 2032. Tilgangurinn með stofnun RVK 32 1 var að auka valmöguleika stytta meðallíftíma lána og auka valmöguleika fjárfesta og mæta eftirspurn á markaði eftir meðallöngum skuldabréfum. Útgáfa í þessum flokki var 1.440 mkr að nafnvirði á árinu 2017.
4. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í febrúar 2017 til að kaupa hlutdeildarskírteini í lausafjárjóðum þar sem fjárfestingarstefna þeirra er í takti við fjárfestingarheimildir sem settar eru í reglum um fjárstýringu. Tilgangurinn var að auka sveigjanleika í daglegri lausafjárstýringu með auknum valmöguleikum og minni bindingu en í tilfelli bundinna innlána og peningamarkaðsinnlána án þess að gefa afslátt á ávöxtunarkröfu. Kaup í lausafjárjóðum námu 9.685 mkr á árinu.

5. Fjárstýringardeild hefur gert miklar umbætur á verkferlum og greiningum í fjárstýringu sem hefur skilað miklum árangri í bættri ávöxtun handbærs fjár sem er sýnilega betri en áður hefur náðst.

## 2.5. Skattspor A-hluta

Skattsporið samanstendur af sköttum til ríkisins sem voru gjaldfærðir í rekstri A-hlutans og þeim sköttum og gjöldum sem innheimtir voru og staðin voru skil á vegna starfseminnar. Samtals námu skattar til ríkisins umfram endurgreiðslur 6.391 mkr.



Stærsti liðurinn var tryggingagjald af launum 3.601 mkr en þar á eftir var innskattur sem ekki fæst endurgreiddur 3.427 mkr en hann var tilkominn vegna kaupa á vörum og þjónustu sem nýttir voru í óskattskyldum rekstri borgarinnar. Endurgreiddur virðisaukaskattur til opinberra aðila nam 1.187 mkr. Þar var um að ræða endurgreiddan virðisaukaskatt sem sveitarfélög ofl. opinberir aðilar fá vegna kaupa af tilteknum aðföngum s.s. af sorphreinsun, ræstingu, sjómokstri, sérfræðiþjónustu og fleiri liðum í samræmi við reglugerð nr. 248/1990.



## Viðauki 1: Kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samanþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

### Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio)

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í millivíðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbandingu um hvort jafnvægisregla skv. Sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

### Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

#### EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

#### EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

### Eiginfjárlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigin fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tapþol fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánaðrottnum þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörð sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárlutfall samstæðunnar.

### FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádregnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

### FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

### FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum. Nettó skuldir eru skilgreindar neðar.

### Framlegð (EBITDA) og veltufjárlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

## Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

## Jafnvægisregla og jafnvægisviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki skuli ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu við eftirgreindar aðstæður: *Ef heildarútgjöld allra veitu- og/eða orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta eru umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B-hluta í reikningsskilum sveitarfélags eða ef heildarskuldir og skuldbindingar eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum skal undanskilja reikningsskil viðkomandi veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum skv. 13. og 14. gr. reglugerðar þessarar.*

## Nettó skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum handbæru fé, bundnum innistæðum og skuldabréfaeign félagsins.

## RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

## Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lyklatríði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrækum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lág hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

## Skuldaregla og skuldaviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu skuldir og skuldbindingar samstæðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150% og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki skuli ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu við eftirgreindar aðstæður: *Ef heildarútgjöld allra veitu- og/eða orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta eru umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B-hluta í reikningsskilum sveitarfélags eða ef heildarskuldir og skuldbindingar eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum skal undanskilja reikningsskil viðkomandi veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum skv. 13. og 14. gr. reglugerðar þessarar.*

Þar sem þetta á við um Orkuveitu Reykjavíkur í samstæðu Reykjavíkurborgar ber að undanskilja hana í skuldaviðmiði borgarinnar.

## Skuldþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrækum greinum þarf herra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert herra en fyrrnefnd skuldþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

## Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

### **Vaxtaþekja (Interest expense coverage ratio)**

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrækum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

### **Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)**

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

### **Veltufjárhlutfall (Current ratio)**

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

	A-hluti	Afhvaki	Faxafloðahafnir	Félagsbústaðir	Melbikunar- stöðin Höfði	Íþróta- og sýringahöllin	Jörundur ehf	Orkuveita Reykjavíkur	Slökkvilið höfuðsv.	Sorpa	Strætó	Samtæða A- og B- hluti
<i>Eignarhlutur Rvk</i>	-	95,70%	75,55%	100,00%	100,00%	50,00%	100%	93,539%	60,80%	66,70%	60,30%	-
Rekstrarkjör	115.811	0	3.692	3.678			48	44.002	2.789	3.740	7.741	172.920
Rekstrargjöld	111.285	0	3.095	2.024			0	26.348	2.730	3.332	7.752	148.419
Afskriftir	4.664	0	722	7			0	9.083	80	164	190	15.097
Fjármagnslóðir	445	0	16	-1.713			0	4.080	277	19	22	2.055
EBIT	4.527	0	597	1.654			48	17.654	58	408	-12	24.501
EBITDA	9.190	0	1.319	1.661			48	26.717	138	573	178	39.598
Hagnaður (- tap)	4.971	0	653	7.545	52	-22	48	16.339	335	428	10	28.027
Fastafjármunir	160.996	2	12.880	77.375	629	2.528	0	287.155	2.092	2.406	1.584	530.837
Veltufjármunir	23.110	9	1.972	291	624	379	0	24.104	633	1.454	1.371	51.897
Heildareignir	184.107	11	14.852	77.666	1.253	2.908	0	311.258	2.725	3.860	2.955	582.734
Skammtímaskuldur	17.961	0	827	3.211	156	71	0	25.150	477	659	1.059	47.252
Langtímaskuldur	47.058	0	715	34.198	0	2.024	0	129.812	221	269	0	203.524
Skuldbindingar	33.609	0	0	0	31	145	0	12.425	0	311	0	46.530
Heildarskuldir	98.627	0	1.542	37.409	187	2.240	0	167.387	698	1.239	1.059	297.306
Eigið fé 1/1	76.415	11	13.028	32.712	1.066	601	-48	121.476	1.692	2.193	1.886	245.013
Eigið fé 31/12	85.480	11	13.310	40.256	1.066	668	0	143.871	2.027	2.621	1.896	285.428
Skuldir og eigið fé	184.107	11	14.852	77.666	1.253	2.908	0	311.258	2.725	3.860	2.955	582.734
Handbætt fé frá rekstri	-1.008	0	1.620	654	114	69	48	20.595	174	530	376	22.422
Fjárfestingahreyfingar	-6.418	0	-1.226	-4.056	-111	-10	0	-20.845	-34	-601	-253	-34.103
Ný langtímalán	8.161	0	0	341	0	0	0	13.936	0	92	0	22.425
Greiddar forþegar	-2.241	0	-97	-584	0	-34	0	-14.195	-10	-75	-104	-16.395
Framlag v. lifeyriskuldbindingar	-2.098	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-2.124
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	202	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-371	0	-19	0	0	-750	0	0	0	-139
Staða á handbæru fé 31/12	7.220	0	1.354	49	44	326	0	6.255	495	910	926	17.903
Veltufé frá rekstri	9.208	0	1.331	535	117	110	48	21.560	420	591	201	33.395
<b>Eignjarhlutfall</b>	46,4%		89,6%	51,8%	85,1%	23,0%		46,2%	74,4%	67,9%	64,2%	49,0%
Arðsemi eign fjár	6,5%		5,0%	23,1%	4,9%	-3,7%		13,2%	19,8%	19,5%	0,6%	11,4%
Veltufjárhlutfall	1,29		2,39	0,09	4,00	5,32		0,96	1,33	2,21	1,29	1,10
Langtímaskuldir/eigið fé	55,1%		5,4%	85,0%	0,0%	303,0%			10,9%	10,3%	0,0%	71,3%
Vaxtabekja, EBIT/netto vextir				1,44								
Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)				0,97								
Uppgreiðslutími	5,38		0,61	65,06		18,80		7,80	0,55	0,60	0,11	6,60
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	8,0%		36,0%	14,5%	8,0%	28,3%		49,0%	15,1%	15,8%	2,6%	19,3%
Framlegð/rekstrarkjör	0,08		0,36	0,45	0,10	0,45		0,61	0,05	0,15	0,02	0,23

**SKVÍNÆGAR**

*Eignjarhlutfall* Eigið fé á móti heildarjarmagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tapból).

*Arðsemi eign fjár* Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eign fjár í fyrirtæki

*Veltufjárhlutfall* Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að inni af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.

*Langtímaskuldir / eigið fé* Langtímaskuldir á móti eigið fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsetningu fyrirtækis.

*Vaxtabekja, EBIT/netto fjárm.* Rekstrarmíðustaða fyrir fjármagnslóð á móti vaxtabreiðslum

*Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.+netto fjárm.)* Rekstrarmíðustaða fyrir fjármagnslóð á móti forborgunum og vaxtabreiðslum

*Uppgreiðslutími skulda (ár)* Langtímaskuldir á móti veltufé frá rekstri.

## Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og samstæðu

Lánveitendur	(í mkr)	A-hluti	Samstæðan
ABSEK			2.088
Akranesbær - víkjandi lán			695
Arion banki			11
Borgarbyggð - víkjandi lán			117
CEB			13.403
Depfa ACS Bank			13.428
Dexia			11.098
EIB			28.051
Ergo kaupleiga			
EURO HYPO			3.335
Faxaflóahafnir	204		0
Fjárfestasjóðurinn ÍSH			2.059
Hafnarfjarðarbær			996
Íbúðalánasjóður			27.445
Íslandsbanki			6.478
Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga	160		1.002
Landsbankinn			10.699
Lánasjóður sveitafélaga	266		1.532
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga			9.178
Lykill kaupleigusamningur			68
NIB			9.323
Skuldabréfaútgáfa OR			28.833
Skuldabréfaútgáfa Félagsbústaða			508
Skuldabréfaútgáfa RVK 19 1	714		714
Skuldabréfaútgáfa RVK 53 01	28.476		28.476
Skuldabréfaútgáfa RVK 96 1	1.038		1.038
Skuldabréfaútgáfa RVKN 32 1	1.432		1.432
Skuldabréfaútgáfa RVKN 35 1	5.284		5.284
Stofnframlög ríki			115
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	10		10
VR lífeyrisskuld			804
<b>Lántaka samstæðu:</b>		<b>37.584</b>	<b>208.311</b>
Leiguskuldir		11.990	11.990
<b>Lántaka og leiguskuldir samstæðu</b>		<b>49.574</b>	<b>220.300</b>

## Viðauki 3: Sundurliðun tekna A-hluta

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun tekna A-hluta:

Tekjur (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Útsvar, brúttó	75.594	74.472	1.122	1,5%
Framlag í Jöfnunarsjóð	-9.163	-9.027	-136	1,5%
Skattbr. niðurfærslur og eftirá álagt útsvar	2.275	1.865	410	22,0%
<b>Útsvar, nettó</b>	<b>68.707</b>	<b>67.310</b>	<b>1.396</b>	<b>2,1%</b>
Fasteignaskattur	15.016	15.057	-41	-0,3%
Lóðaleiga	1.358	1.350	8	0,6%
Afskrifaðir fasteignaskattar	-60	0	-60	
<b>Fasteignaskattur, nettó</b>	<b>16.315</b>	<b>16.408</b>	<b>-93</b>	<b>-0,6%</b>
<b>Samtals skatttekjur</b>	<b>85.021</b>	<b>83.718</b>	<b>1.303</b>	<b>1,6%</b>
Framlag v. þjónustu við fatlað fólk	5.448	4.987	461	9,3%
Jöfnunarsjóður sveitarf., önnur framlög	1.770	1.623	147	9,0%
<b>Framlag jöfnunarsjóðs samtals</b>	<b>7.218</b>	<b>6.610</b>	<b>608</b>	<b>9,2%</b>
Þjónustutekjur	9.735	9.420	315	3,3%
Eignatekjur	18.636	18.770	-135	-0,7%
Endurgreiðslur annarra	3.725	2.758	967	35,0%
Aðrar tekjur	6.867	5.941	926	15,6%
Söluhagnaður (tap) eigna	8.067	4.203	3.864	92,0%
Milliviðskipti tekin út	-23.459	-23.759	300	-1,3%
<b>Samtals aðrar tekjur</b>	<b>23.572</b>	<b>17.334</b>	<b>6.238</b>	<b>36,0%</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>115.811</b>	<b>107.662</b>	<b>8.149</b>	<b>7,6%</b>

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 608 mkr meira en áætlað var og greiðir 136 mkr meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Hludt. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	4.009	3.949	60	1,5%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	5.154	5.078	77	1,5%
<b>Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð</b>	<b>9.163</b>	<b>9.027</b>	<b>136</b>	<b>1,5%</b>

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	5.448	4.987	461	9,3%
Framlag vegna sérskóla	1.192	1.253	-61	-4,8%
Framlag vegna tónlistarskóla	275	275	0	0,1%
Framlag v. bankaskatts	244	0	244	n/a
Annað	59	96	-37	-38,5%
<b>Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði</b>	<b>7.218</b>	<b>6.610</b>	<b>608</b>	<b>9,2%</b>
<b>Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð</b>	<b>-1.945</b>	<b>-2.417</b>	<b>472</b>	<b>-19,5%</b>

## Viðauki 4: Fjármálastjórn 2017

Hér að neðan er listi í tímaröð yfir mikilvægar fjárhagsáskvarðanir borgarráðs og borgarstjórnar á tímabilinu janúar-desember 2017

1. Lagt fram mánaðarlegt rekstraruppgjör A-hluta jan-nóv 2016 í borgarráði 9.2.2017
2. Tillaga um samþykkt á tilboðum í skuldabréfaútbóði vegna framkvæmda á árinu 2017 samþykkt í borgarráði 9.2.2017
3. Tillaga að flutningi á halla og afgangi hjá skóla- og frístundasviði vegna ársins 2015. R16040105. Samþykkt í borgarráði 7.3.2017
4. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kjarasamninga samþykkt í borgarstjórn 7.3.2017
5. Tillaga að breytingu á viðauka 1 við reglur um fjárstýringu samþykkt í borgarráði 23.2.2017
6. Tillaga að tímaáætlun vegna afgreiðslu ársreiknings 2016 samþykkt í borgarráði 23.2.2017
7. Tillaga að tímaáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2018- 2022 samþykkt í borgarráði 23.2.2017
8. Tillaga að úthlutun stofnframlaga 2017 samþykkt í borgarráði 9.3.2017
9. Tillaga að viðauka vegna innleiðingar mannauðs- og launakerfis SAP samþykktur í borgarstjórn 21.3.2017
10. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kjarasamninga samþykkt í borgarstjórn 21.3.2017
11. Tillaga að ábyrgðargjaldi OR árið 2017 samþykkt í borgarráði 23.3.2017
12. Tillaga að endurgreiðsluhlutfalli launagreiðenda á greiddum lífeyri hjá LsRb samþykkt í borgarráði 23.3.2017
13. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kjarasamninga, tónlistarskóla og stoðþjónustu við fatlaða samþykkt í borgarstjórn 4.4.2017
14. Tillaga um samþykkt á tilboðum í skuldabréfaútbóði vegna framkvæmda á árinu 2017 samþykkt í borgarráði 7.4.2017
15. Ársreikningur A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016 samþykktur í borgarstjórn 9.5.2017
16. Þingsályktunartillaga að fjármálaáætlun 2018-2022 (mál nr 402). Umsögn FMS samþykkt í borgarráði 27.4.2017
17. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna hverfakosninga, Sí og fl. samþykkt í borgarstjórn 16.5.2017
18. Tillaga um samþykkt á tilboðum í skuldabréfaútbóði vegna framkvæmda á árinu 2017 samþykkt í borgarráði 11.5.2017
19. Tillaga um endurskoðun á tíma- og verkáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2018-2022 samþykkt í borgarráði 18.5.2017
20. Tillaga um breytingar á styrkjareglum og styrkjahandbók samþykkt í borgarráði 18.5.2017
21. Tillaga um framlengingu og endurskoðun aðalmiðlarasamninga í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar samþykkt í borgarráði 18.5.2017
22. Tillaga um viðauka vegna endurskoðunar á lánsfjáráætlun vegna uppgjörs á skuldbindingum hjá Brú lífeyrissjóði samþykkt í borgarstjórn 6.6.2017
23. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna Hörpu samþykkt í borgarstjórn 6.6.2017
24. Tillaga um skuldabréfaútbóð vegna fjármögnunar á lífeyrisskuldbindingum samþykkt í borgarráði 1.6.2017
25. Tillaga um hækkun leiguverðs Félagsbústaða um 5% frá 1. júlí 2017 samþykkt í borgarráði 8.6.2017
26. Tillögur og greinargerð fyrir velferðarráð um sérstakan húsnæðisstuðning samþykktar í borgarráði 8.6.2017
27. Lagt fram mánaðaruppgjör A-hluta jan-mars 2017 í borgarráð 15.6.2017
28. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna grunn- og leikskóla og vegna styrks til Knattspyrnufélagsins Víkings samþykkt í borgarstjórn 20.6.2017
29. Tillaga að samþykkt tilboða í skuldabréfaútbóði vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð samþykkt í borgarráði 15.6.2017
30. Tillaga að rammaúthlutun vegna fjárhagsáætlunar 2018 samþykkt í borgarráði 29.6.2017
31. Lagðar fram forsendur fjárhagsáætlunar 2018 og fimm ára áætlunar 2018-2022 í borgarráði 29.6.2017
32. Tillaga um veitingu stofnframlaga vegna uppbyggingar á félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík (fyrrri úthlutun 2017) samþykkt í borgarráð 29.6.2017
33. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna Bílastæðasjóðs samþykkt endanlega í borgarráði 6.7.2017
34. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 samþykkt í borgarráði 20.7.2017
35. Lagt fram mánaðaruppgjör A-hluta jan -maí 2017 í borgarráði 20.7.2017
36. Tillaga að endurskoðun á viðauka 2 við reglur um fjárstýringu samþykkt í borgarráði 20.7.2017
37. Tillaga um að veita OR ábyrgð vegna móttöku 700.000 evru styrks frá ESB CarbFix2 verkefni samþykkt í borgarráði 20.7.2017
38. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kjarasamninga samþykkt í borgarráði 10.8.2017

39. Tillögur um áfangaskipta uppbyggingaráætlun á sérstökum húsnæðisúrræðum 2018-2030 samþykktar í borgarráði 24.8.2017
40. Árshlutauppgjör samstæðu og A-hluta janúar – júní 2017 staðfest í borgarráði 31.8.2017
41. Tillaga um fjölgun félagslegra íbúða samþykkt í borgarráði 31.8.2017
42. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna tilfærslna samþykkt í borgarstjórn 19.9.2017
43. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna endurskoðunar á fjárfestingaráætlun samþykkt í borgarstjórn 19.9.2017
44. Tillaga að tímaáætlun vegna skuldabréfaútboða haust 2017 samþykkt í borgarráði 14.9.2017
45. Tillaga um heimild til útboðs á milliinnheimtu og löginheimtu samþykkt í borgarráði 21.9.2017
46. Tillaga að endurskoðun á innheimtuleglum Reykjavíkurborgar ásamt verklagsreglum samþykkt í borgarráði 21.9.2017
47. Tillaga um heimild til skammtímafjármögnunar samþykkt í borgarráði 28.9.2017
48. Lagt fram mánaðaruppgjör A-hluta jan-júlí 2017 í borgarráði 28.9.2017
49. Samkomulag við ASÍ vegna lífeyrismála samþykkt í borgarráði 28.9.2017
50. Tillaga um samþykkt á tilboðum í skuldabréfaútboði vegna framkvæmda á árinu 2017 samþykkt í borgarráði 19.10.2017
51. Tillaga um álagningarhlutfall útsvars 2018 lögð fram í borgarráði 26.10.2017 og samþykkt í borgarstjórn 7.11.2017
52. Tillaga um álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu 2018 lögð fram í borgarráði 26.10.2017 og samþykkt í borgarstjórn 7.11.2017
53. Tillaga um fyrirkomulag afsláttu til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2018 lögð fram í borgarráði 26.10.2017 og samþykkt í borgarstjórn 7.11.2017
54. R17100409 Tillaga um gjalddagaskiptingu fasteignaskatta og lóðarleigu 2018 lögð fram í borgarráði 26.10.2017 og samþykkt í borgarstjórn 7.11.2017
55. Frumvarp að fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar 2018 og fimm ára áætlun 2018-2022 ásamt greinargerðum samþykkt í borgarstjórn 5.12.2017
56. Tillaga um lántökur vegna framkvæmda á árinu 2018 lögð fram í borgarráði 31.10.2017 og samþykkt í borgarstjórn 5.12.2017.
57. Tillögur að gjaldskrár árið 2018 lagðar fram lögð fram í borgarráði 31.10.2017 og samþykktar í borgarstjórn 5.12.2017.
58. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 samþykkt í borgarstjórn 7.11.2017
59. R17020176 Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna endurskoðunar á tekjuáætlun og stofnframlögum samþykkt í borgarstjórn 7.11.2017
60. Tillaga um nýjan verðtryggðan skuldabréfaflokk RVK 32 1 samþykkt í borgarráði 9.11.2017
61. Tillaga um heimild til samninga um milliinnheimtu og löginheimtu (EES útboð) samþykkt í borgarráði 9.11.2017
62. Tillaga að endurskoðun reglna um fjárfstýringu samþykkt í borgarráði 23.11.2017
63. Tillaga um samþykki eigenda á kaupum OR á Fossi fasteignafélagi slhf. samþykkt í borgarráði 23.11.2017
64. Níu mánaða uppgjör A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar 2017 ásamt greinargerð fjármálaskrifstofu, fagsviða og B-hluta fyrirtækja og stýrihóps KFS staðfest í borgarráði 30.11.2017
65. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 (6 mál) samþykkt í borgarstjórn 5.12.2017
66. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna fjárfestingaáætlunar samþykkt í borgarstjórn 5.12.2017
67. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kaupa á íbúðum til útleigu á velferðarsviði samþykkt í borgarstjórn 5.12.2017
68. Tillaga um endurskoðun á lántökuheimildum á árinu 2017 samþykkt í borgarstjórn 5.12.2017
69. Tillaga um flutning á halla og afgangi hjá skóla- og frístundasviði vegna ársins 2015 samþykkt í borgarstjórn 5.12.2017
70. Tillaga um flutning á halla og afgangi vegna ársins 2016 samþykkt í borgarstjórn 5.12.2017
71. Tillögur að breytingum á frumvarpi að fjárhagsáætlun 2018 samþykktar í borgarstjórn 5.12.2017
72. Tillaga vegna neyðarástands í búsetuúrræðum barna með proska- og gerðraskanir samþykkt í borgarráði 30.11.2017
73. Tillaga um samþykkt á tilboðum í skuldabréfaútboði vegna kaupa á íbúðum á árinu 2017 samþykkt í borgarráði 7.12.2017
74. Lagt fram mánaðauppgjör A-hluta jan-okt 2017 í borgarráði 14.12.2017
75. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 (m.a. vegna nemendafjölda) samþykkt borgarstjórn 19.12.2017
76. Tillaga um uppgjör lífeyrisskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð samþykkt í borgarráði 21.12.2017
77. Tillaga um ábyrgð borgarsjóðs (eiganda) á lántöku OR hjá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB) samþykkt í borgarráði 21.12.2017